

Priðjudaginn 17. mars 1992.

Nr. 373/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Róbert Marshall

(Jón Hjaltason hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til staðfestingar. Krefst ríkissaksóknari sakfellingar samkvæmt ákæru og staðfestingar á niðurstöðu varðandi skaðabætur, en þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu.

Með tilvísun til héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Bótakröfu sína setti Sigurður Freyr Hreinsson fram í bréfi, sem lagt var fram í dómi 3. júní 1991. Þar segir meðal annars: „Á þessum tíma var ég skipverji á Mánabergi, ÓF-42, frá Ólafsfirði, en sökum afleiðinga líkamsárásar Róberts var ég óvinnufær til 20. júlí 1988 og missti því af veiðiferð þeirri, sem stóð frá 3. júlí 1988 - 2. ágúst 1988.“ Jafnframt sendi Sigurður Freyr launaseðil frá útgerðarfélagi skipsins, sem hann kveður sýna laun staðgengils síns í veiðiferðinni. Fékk hann 278.364 krónur fyrir tímenn frá 3. júlí til 2. ágúst 1988, og var þar um að ræða hlut, fatapeninga, fæðispeninga, aukahlut og orlof. Frá útgerðarfélaginu liggur frammi vottorð frá 12. desember 1990, þar sem segir, að Sigurður Freyr hafi verið skipverji á frystitogaranum Mánabergi á árinu 1988, en hann hafi verið í „föstu umsömdu frí“ frá 3. júlí til 2. ágúst.

Þrátt fyrir síðastgreint orðalag er nægilega sannað, að Sigurður Freyr Hreinsson varð vegna meiðsla, sem ákærði ber ábyrgð á, að vera í landi, meðan fiskiskip það, sem hann starfaði á, var í veiðiferð frá 3. júlí til 2. ágúst 1988. Leggja má til grundvallar þær upplýsingar, sem fram eru komnar um það, sem staðgengill hans fékk

greitt fyrir þessa veiðiferð. Bótakröfu sína í máli þessu einskorðar Sigurður Freyr við fjárhæð þessarar greiðslu, og verður hún ekki talin úr hófi, þegar litið er til allra atvika. Ber að dæma ákærða til að greiða honum bætur jafnháar þessari fjárhæð, eins og gert er í héraðsdómi, ásamt kostnaði vegna lækni meðferðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Ákærði, Róbert Marshall, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hestaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 19. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, dagsettri 8. október 1990, á hendur Róbert Marshall, Fjólugötu 2, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjali er ákæruatriðum og dómkröfum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1988 í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum ráðist á Sigurð Frey Hreinsson, fæddan 28. desember 1968, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að tvær sprungur mynduðust í neðri kjálka hans, neðan við augntönn hægra megin og aftasta jaxl vinstra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

Ákærði tók ekki til varnar í málinu.

Laugardaginn 25. júní 1988 var haldinn Jónsmessudansleikur í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum. Meðal samkomugesta voru ákærði og Sigurður Freyr Hreinsson. Ekki þekktust þeir tveir. Fjórum dögum síðar, fimmtudaginn 30. júní 1988, tilkynnti Sigurður Freyr RLR, að hann vildi leggja fram kæru á hendur ákærða. Sigurður Freyr kvað ákærða hafa slegið sig hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann kjálkabrotnaði. Við skýrslutöku hjá RLR lýsti Sigurður Freyr upphafi málsins. Hann kvað þá ákærða hafa hist á samkomunni og byrjað af ótilgreindum ástæðum að rifast. Hann hefði gengið frá ákærða, en ákærði elt sig uppi og slegið sig,

en sjálfur kvaðst hann ekki hafa reynt að verja hendur sínar. Sigurður Freyr kvaðst daginn eftir tilgreindan atburð hafa farið til læknis á sjúkrahúsi Vestmannaeyja og þar strax þá komið í ljós, að hann var kjálkabrotinn. Tveimur dögum síðar, mánudaginn 27. júní 1988, kvaðst Sigurður Freyr hafa farið á slysadeild Borgarspítalans og gengist þar undir viðeigandi aðgerð. Hinn 2. ágúst 1988 sendi RLR málið RLV til meðferðar. Þar voru strax teknar skýrslur af tveimur vitnum og ári síðar af ákærða, sem um tíma eftir tilgreindan atburð hafði dvalist erlendis. Er aflað hafði verið læknisvottorðs frá Borgarspítalanum í Reykjavík, sendi bæjarfógeta-embættið í Vestmannaeyjum með bréfi, dagsettu 24. ágúst 1990, málið ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Gaf ríkissaksóknari síðan út ákæru í málinu 8. október 1990.

Að beiðni Geirs Jóns Þórissonar lögreglufulltrúa gaf Leifur Jónsson læknir á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans út læknisvottorð tveimur árum eftir tilgreindan atburð. Í læknisvottorðinu kemur fram, að Sigurður Freyr, sem komið hafi í skoðun tveimur dögum eftir tilgreindan atburð, hafi kvartað um verki í andliti og skerta hreyfingu í neðra kjálka. Hann hafi verið bólginn í andliti, einkum vinstra megin, og með glóðarauga á vinstra auga, og framtennur vinstra megin í neðra gómi hafi verið skakkar, en vel fastar í gómnum. Síðan segir í vottorðinu:

„Mar er undir slímhúð í gómnum vi. megin og eymsli yfir öllum kjálka vi. megin, svo og eru hreyfingar sársaukafullar og hindraðar að nokkru.

Rtg-mynd sýnir tvær sprungur í gegnum neðri kjálka, aðra niður úr augntönn hæ. megin, en hina niður frá aftasta jaxli vi. megin. Engin dislocation er til staðar. Sjúkl. var sendur til tannlæknis, sem víraði saman tanngarðana, og fór eftirmeðferð fram á hans vegum...”

Framburður ákærða verður nú rakinn sem og vitna í málinu, en ákærði rekur upphaf málsins til þess, að Sigurður Freyr hafi ráðist á sig. Kvað ákærði, að það hefði byrjað þannig, að maður, sem hann hefði ekki þekkt með nafni, hefði komið til sín og ávarpað sig eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki slá sig líka. Kvaðst ákærði hafa svarað því neitandi, en Sigurður Freyr þá slegið sig í magann. Ákærði tók fram, að ekki hefði hann vitað, hvort einhverjir hefðu verið í áflogum við Sigurð Frey, en magahöggi hans hafi hann svarað með öðru höggi og náð síðan að snúa manninn niður og haldið honum niðri með haustaki án þess að slá hann nokkuð frekar, en þeir hefðu síðan verið aðskildir af gæslumönnum. Eftir þetta kvaðst hann ekki hafa haft frekari afskipti af Sigurði Frey. Ákærði hafði uppi efasemdir um, að hann væri valdur að kjálkabroti Sigurðar Freys.

Sigurður Freyr Hreinsson hefur einnig komið fyrir dóminn sem og vitnin Bjarnhéðinn Grétarsson og Gunnar Ingólfur Gíslason.

Vitnið Sigurður Freyr Hreinsson kvaðst hafa verið nýkomið á hátíðar-svæðið, er það hafi hitt ákærða. Hafi þeir tekið tal saman við hljómsveitar-pallinn og upp hafist deilur með þeim af ótilgreindum ástæðum. Kvaðst vitnið hafa gengið í burtu og ekki viljað skipta sér frekar af ákærða, en ákærði hafi veitt vitninu eftirför, elt það uppi og barið í andlitið, og hafi höggið komið ofanvert á vinstra kjálka. Við höggið kvaðst vitnið hafa fallið á jörðina, en ákærði sest ofan á vitnið og haldið áfram að berja það í andlitið, þar til tveir ungir menn og aðstandendur dansleiksins skárust í leikinn. Skömmu eftir þetta kvaðst vitnið hafa farið heim til sín og lagst til svefns, en farið strax til læknis daginn eftir. Vitnið fullyrti, að það hefði ekki slegið ákærða eitt einasta högg allan tímann.

Vitnið Bjarnhéðinn Grétarsson, kt. 020470-5189, kvaðst hafa séð, að Sigurður Freyr, sem vitnið þekkti ekki, en kannaðist þó lítillega við, átti í orðaskaki við ákærða. Vitnið kvaðst hafa gengið til Sigurðar Freys og tekið hann frá ákærða og gengið í burtu með honum, en ákærði elt þá uppi og komið aftan að Sigurði Frey og slegið hann hnefahögg, svo að Sigurður Freyr féll á jörðina. Vitnið kvað ákærða og Sigurð Frey báða hafa verið ölvaða, en Sigurður Freyr þó sýnu meira.

Vitnið Gunnar Ingólfur Gíslason, kt. 011168-4269, kvaðst hafa séð ákærða slá Sigurð Frey Hreinsson, sem vitnið þekkti ekki, en vissi aðeins, að var aðkomumaður. Vitnið kvað ákærða hafa látið mörg þung högg falla, án þess að Sigurður Freyr svaraði fyrir sig. Vitnið tók sérstaklega fram, að búið hefði verið að taka ákærða nokkrum sinnum frá mannum og tala við hann, en ákærði jafnharðan farið í manninn aftur, allt þar til ákærði rak Sigurði Frey þungt högg, en loks hefði tekist að slíta ákærða frá mannum.

Með samhljóða framburði vitnanna Sigurðar Freys Hreinssonar, Bjarnhéðins Grétarssonar og Gunnars Ingólfs Gíslasonar telst sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1988 í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum ráðist á Sigurð Frey Hreinsson og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir, en þar er hegðun ákærða rétt lýst og hún réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningar-laga nr. 19/1940, enda telst ósönnuð sú fullyrðing ákærða, að Sigurður Freyr hafi að fyrra bragði ráðist á hann.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 31. maí 1971. Samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, er ákærði með hreint sakavottorð.

Lögreglurannsókn málsins hefur greinilega sætt óþarfa-töfum, en tvö ár liðu, frá því að málið kom til meðferðar hjá RLR og þar til það var sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Er refsing ákærða er ákvörðuð, ber að taka fullt tillit til þess, að ákærði var einungis nýorðinn 17 ára, er hann framdi

brot sitt, og hafði hvorki þá né nú þremur árum síðar gerst sekur um annað refsivert brot. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða, Róberts Marshalls, hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, og skal fresta fullnustu refsingar ákærða og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins.

Sigurður Freyr Hreinsson hefur lagt fram svohljóðandi skaðabótakröfu á hendur ákærða:

„1. Vinnutap	kr. 278.364
2. Kostnaður vegna læknis meðferðar	kr. 4.425
Samtals	kr. 282.789“

Í bótakröfunni lýsir tjónþoli síðan málsatvikum, og segir þar:

„Á þessum tíma var ég skipverji á Mánabergi, ÓF-42, frá Ólafsfirði, en sökum afleiðinga líkamsárásar Róberts var ég óvinnufær til 20. júlí 1988 og missti því af veiðiferð þeirri, sem stóð frá 3. júlí 1988 - 2. ágúst 1988.

Fyrirliggjandi eru gögn, sem styðja skaðabótakröfuna varðandi

1. Ljósrit af launaseðli staðgengils og vottorð vinnuveitanda, varðandi
2. Læknisvottorð Jóns Viðars Arnórssonar tannlæknis.”

Efnislega vefengir ákærði ekki skaðabótakröfuna, en hann samþykkir hana ekki.

Dæma ber ákærða til að greiða Sigurði Frey Hreinssyni umkrafða skaðabótakröfu, enda er hún í samræmi við sakarmat í málinu og auk þess studd fullnægjandi fylgigögnum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Róbert Marshall, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurði Frey Hreinssyni 282.789 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.